

SAMNINGUR UM AÐGANG AÐ VERKSTÆÐI

1. gr.

Tilgangur samnings

Samningur þessi er gerður til þess að skilgreina og undirstrika réttindi og skyldur Listaháskóla Íslands (*háskólinn* í samningi þessum) og nemenda sem hafa aðgang að verkstæði háskólans.

2. gr.

Réttur til aðgangs

Nemendur, sem undirritað hafa samning þennan og lokið hafa 20 stunda verkstæðisnámskeiði eða hlotið sambærilega þjálfun í öryggismálum og reglum um vinnu á verkstæðinu, skulu hafa rétt til þess að nota verkfæri, vélbúnað og annað tilheyrandi verkstæðinu með þeim skilyrðum sem hér greinir:

Sérhver nemandi eða annar notandi verkstæðisins, sem af einhverjum ástæðum skortir fullnægjandi þekkingu eða reynslu til þess að nota verkfæri, vélbúnað, efni eða annan búnað verkstæðisins, ber ábyrgð á því að afla sér slíkrar þekkingar eða reynslu beint frá tæknimönnum verkstæðisins.

Nemendur bera ábyrgð á því að nota réttan hlífðarbúnað við störf sín á verkstæðinu, t.d. öryggisgleraugu, rykgrímur, viðeigandi skófátnað, hanska eða annan klæðnað sem nauðsynlegur er með tilliti til almenns starfsöryggis á verkstæðinu eða vegna notkunar tilgreinds búnaðar, efna eða annars þess sem á verkstæðinu er.

Allir, sem vinna á verkstæðinu, eru ábyrgir fyrir eigin öryggi þegar þeir er á verkstæðinu, án tillits til þess hvort þeir séu við vinnu eða ekki. Nemendur skulu nota öll verkfæri, vélbúnað eða efni á öruggan hátt gagnvart sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

3. gr.

Viðhald verkstæðisins – tillitsemi við aðra nemendur

Að lokinni vinnu á verkstæðinu skulu nemendur sjá til þess að verkstæðið, ásamt verkfærum þess og búnaði, sé hreint og í sama ástandi og þegar þeir komu sjálfir til starfa þar. Eftir notkun á verkfærum og búnaði verkstæðisins skulu notendur jafnframt sjá til þess að verkfærin og búnaðurinn sé öruggur og tilbúin til nota fyrir næsta nemanda.

Nemendur skulu sýna tillitssemi og sveigjanleika gagnvart samnemendum sínum með því að stuðla að því að verkfæri og rými sé ætíð fyrir hendi þegar nauðsynlegt er. Verk, sem unnið er að, skulu merkt nafni eigenda og geymd í viðeigandi rými sem tæknimenn verkstæðis úthluta til slíks.

4. gr.

Stjórn á verkstæði

Háskólinn hefur rétt á því að taka ákvarðanir eða setja leiðbeiningar varðandi verkstæðið og starfsemi þess. Háskólinn, sérstaklega tæknimenn verkstæðis, geta neitað nemanda, sem virðir ekki ákvæði samnings þessa eða leiðbeiningar og ákvarðanir varðandi verkstæðið, um aðgengi að verkstæðinu eða notkunar verkstæðisbúnaðar. Hafi nemanda verið neitað um aðgengi að verkstæðinu í meira en tvo (2) daga skal háskólinn tilgreina forsendur slíkrar ákvörðunar skriflega sé þess óskað.

5. gr.

Bótaskylda

Nemendur fara á verkstæðið og vinna þar á eigin ábyrgð. Háskólinn eða starfsmenn hans eru ekki ábyrgir fyrir brotthvarfi eða tjóni á verkum nemenda eða eigum þeirra, t.d. verkfærum, efnum, fatnaði, skartgripum, fylgihlutum o.s.frv., sem staðsettir eru á verkstæðinu meðan nemendur vinna þar eða sem skildir hafa verið eftir þegar vinnu nemenda er lokið.

Nemendur eru bótaskyldir vegna brotthvarfs eða tjóns á sérhverju verkfæri, tækjum, vélbúnaði eða öðrum eignum háskólans bæði á verkstæðinu og þegar slíkt er fengið að láni þaðan. Nemendur skulu greiða háskólanum allan kostnað vegna verkfæra, tækja eða vélbúnaðar sem háskólinn kaupir í staðinn.

Háskólinn veitir nemendum engar tryggingar varðandi þá sjálfa, þ.e. lífi þeirra, heilsu, eigum, verkfærum, efnum o.s.frv. Nemendur eru þar af leiðandi hvattir til þess að hafa samband við tryggingafélag sitt til þess að afla upplýsinga varðandi tryggingar sínar og til þess að tryggja líf sitt, heilbrigði og/eða eigur, svo fremi að núverandi trygging þeirra nái ekki til vinnu á verkstæðinu.

6. gr.

Staðfesting á námskeiði um öryggi og vinnu á verkstæðinu

Ég, _____, lýsi hérmeð yfir að ég hef lokið og staðist 20 stunda kynningarnámskeið um verkstæðið eða sambærilegt, og að mér hafi verið kynnt verkfæri, tæki, búnað, efni o.þ.h. á verkstæðinu. Jafnframt hef ég tileinkað mér þær grundvallarreglur er lúta að öryggi og heilbrigðismálum í tengslum við þau verkfæri, tæki og efni verkstæðisins sem tilgreind eru hér að neðan.

Reykjavík, _____ 200_

Tæknimaður tré- og málmsmíðaverkstæðis

Undirskrift verkstæðisnotanda

Tæknimaður prentverkstæðis

Undirskrift verkstæðisnotanda

Tæknimaður ljósmyndaverkstæðis

Undirskrift verkstæðisnotanda

Tæknimaður mynd- og hljóðverkstæðis

Undirskrift verkstæðisnotanda